

Priðjudaginn 28. maí 1957.

Nr. 103/1956. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Kristínu Brynjólfsdóttur og gagnsök

(Jón Bjarnason hrl.)

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
B. Lindal.

Heimt greiðsla fyrir verk.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1956. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 3023.44 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 11. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hún þess aðallega að verða sýknuð að svo stöddu af kröfum aðaláfrýjanda, til vara, að henni verði dæmd sýkna gegn greiðslu á kr. 500.00 og til þrautavara gegn greiðslu á kr. 838.95. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Osannað er, að svo hafi samizt með aðiljum, að starfsmenn aðaláfrýjanda skyldu vinna verk það, sem lýst er í héraðsdómi, einvörðungu með skurðgröfu. Ekki er í ljós leitt, að eftir aðstæðum öllum hafi verið unnt að framkvæma verk þetta á annan hátt en gert var. Og þar sem ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að endurgjald það, sem aðaláfrýjandi krefst fyrir verkið, sé úr hófi hátt, ber að taka dómkröfur hans til greina svo og dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kristín Brynjólfsdóttir, greiði aðaláfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs,

kr. 3023.44 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, að undangenginni árangurslausri sátta-tilraun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. september 1954, gegn Kristínu Brynjólfssdóttur, Hvammsgerði 11 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.023.44 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1953 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 500.00 svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Skuld þessi er vegna kostnaðar af skurðgrefttri við hús stefnda, sem starfsmenn stefnanda framkvæmdu að beiðni stefnda í febrúarmánuði 1953.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að stefndi hafi undirritað verkbeiðni og er þar ekki tekið fram, á hvern hátt verkið skyldi framkvæmt, og eins hafi hún undirritað verkskýrslu, þar sem fjöldi vinnustunda er tilgreindur.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hún hafi hafið byggingu húss síns að Hvammsgerði 11 um sumarið 1952. Grunnur hafi að mestu leyti verið grafinn með vélskóflu. Er því verki hafi verið lokið og steypu á gólfplötu, hafi þurft að grafa skurð fyrir skólplögn. Kvað stefndi næstu nágranna sína hafa látið grafa slíka skurði með skurðgröfu, og hafi kostnaður við það verk numið ca. kr. 400.00 til kr. 600.00. Hafi hún því hugsað sér að fá skurðinn grafinn með skurðgröfu. Um þetta leyti hafi starfslið frá stefnanda verið að vinna að aðalskólpleiðslu í hverfinu og hafi þeir haft skurðgröfu til umráða. Hafi hún beðið verkstjóran um að framkvæma verkið og tekið fram, að nota skurðgröfu við það. Félst verkstjórinn á að gera það. Í febrúarmánuði kvaðst stefndi hafa verið rúmliggjandi, en þá um sama leyti hafi starfsmenn stefnanda hafið verkið. Er hún hafi komið næst á staðinn, hafi verkinu verið langt komið, og hafi hún talið tilgangslaut að hreyfa athugasemdum við því, að verkið hafði verið unnið án þess að skurðgrafa hafi verið notuð, enda kvaðst stefndi þá ekki hafa órað fyrir því, að verkið yrði svo dýrt, sem raun varð á samkvæmt reikningi stefnanda.

Byggir stefndi kröfu sína á því, að hún hafi beðið um, að verkið væri unnið með skurðgröfu, og því hafi stefnanda ekki verið heimilt að hafa annan hátt á að henni fornspurðri. Kveðst hún ávallt hafa verið reiðubúin að greiða kr. 500.00 fyrir verkið, en stefnandi ekki viljað, og beri sér því málskostnaður af þeim sökum.

Vitnið Guðjón Valdimar Þorsteinsson, yfirverkstjóri hjá stefnanda, kvað stefnda hafa átt tal við það og beðið um framkvæmd verksins og tekið fram, að það yrði unnið með skurðgröfu. Kvaðst vitnið hafa tjáð stefnda, að ekki myndi vera hægt að nota skurðgröfu, þar eð jarðvegurinn væri of fastur og svigrúm of lítið fyrir slíka vél. Vitnið kvað stefnda sennilega hafa undirritað verkbeiðni og samþykki sitt undir verkskýrslu, áður en verkið hófst. Vitnið kvað jarðveginn hafa verið þannig, að þétt og föst móhella hafi legið í gegnum skurðinn, og hafi þurft að nota loftfleyga til að losa þann jarðveg, og útilokað sé að grafa í slíkum jarðvegi með skurðgröfu.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson, verkstjóri hjá stefnanda, kvaðst hafa annazt verkstjórn við umrætt verk. Jarðveg kvað vitnið hafa verið þannig, að efst hafi verið frostlag, en síðan þykk móhella. Vitnið kvað útilokað hafa verið að grafa móhelluna með skurðgröfu, en taldi ef til vill hafa verið möguleika að nota skurðgröfu við verkið niður að móhellunni, en vitnið kvaðst ekki muna, hve þykkt það lag hafi verið.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur að því, að starfsmenn hans hafi tjáð stefnda, að framkvæmd verksins væri óframkvæmanleg með skurðgröfu, enda er viðurkennt af yfirverkstjóra stefnanda, að stefndi hafi sérstaklega tekið fram og óskað eftir því, að verkið yrði unnið með skurðgröfu. Verður því ekki talið rétt, að stefndi eigi að bera þann aukakostnað, sem leiddi af því, að verkið allt var framkvæmt á annan og dýrari hátt. Stefndi hefur verið reiðubúin til að greiða kr. 500.00 fyrir verkið, og hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að verkið hefði kostað meira, ef hægt hefði verið að vinna það með skurðgröfu.

Hins vegar þykir sannað samkvæmt framburðum vitnanna Guðjóns Valdimars og Guðmundar Guðmundssonar, að útilokað hafi verið að nota skurðgröfu til að grafa móhellu þá, er lá gegnum skurðinn, án þess að jarðvegurinn væri losaður með loftfleygum, eins og gert var. Þykir því verða að telja, að stefnda beri að greiða sérstaklega kostnað þann, sem af því verki leiddi, en

kostnaður þessi samkvæmt reikningi stefnanda er kr. 1.080.00, og hefur sú fjárhæð ekki verið véfengd.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 1.580.00 með 6% ársvöxtum, er þykir bera að reikna frá birtingardegi sáttakæru, 7. apríl 1954, til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristín Brynjólfsdóttir, greiða stefnanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 1.580.00 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1954 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. maí 1957.

Nr. 11/1957. **Stephan Stephensen** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn

Önnu Kristjánsdóttur og gagnsök

(Ragnar Jónsson hrl.)

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Umferðarslys. Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar þ. á., gerir þær dómkröfur, að hinar dæmdu bætur verði lækkaðar að mati Hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. janúar þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Hún gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur